

Loftslagsstefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Inngangur

Árið 2023 ákvað sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að móta loftslagsstefnu til næstu 10 ára hjá sveitarfélaginu.

Tilgangurinn er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi sveitarfélagsins. Niðurstaðan er byggð á vinnu skrifstofu sveitarfélagsins, sveitarstjórnar, stjórnenda og nefndarmanna að nýrri framtíðarsýn, aðgerðum og verkefnum til að draga úr losun samfélagsins.

Í stefnunni er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Loftslagsstefna sem hluti af metnaðarfullri Umhverfis- og Auðlindastefnu leggur þar með grunn að öðrum áætlunum og stefnum sveitarfélagsins og skal vera augljós vegvísir við ákvarðanatöku í daglegum rekstri sveitarfélagsins.

Í fyrstu útgáfu loftslagsstefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er einkum litið til eigin reksturs sveitarfélagsins með áherslu á samgöngur, orkunotkun og úrgangsmál en auk þess vitundarvakningu íbúa og starfsfólks sveitarfélagsins. Fyrsta útgáfan er því aðeins upphafsskrefið á langri vegferð til sjálfbærara samfélags og kolefnishlutlausum rekstri sveitarfélagsins 2040.

Framtíðarsýn

Skeiða- og Gnúpverjahreppur stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur vill leggja sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins verði náð og taka þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar með því að vinna undir ramma heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í samræmi við gildandi Byggðaáætlunar og markmið ríkisins í úrgangsmálum.

Framtíðarstef þessarar stefnu er svo að útvíkka gildissvið hennar þannig að einnig verði skráð losun frá verktökum og öðrum sem starfa eftir samningi við sveitarfélagið sem og innkaup þess.

Stefnan

Samkvæmt 5. gr. laga um loftslagsmál, nr. 70/2012, skulu stofnanir og fyrirtæki ríkisins sem og sveitarfélög setja sér loftslagsstefnu sem inniheldur skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt nauðsynlegum aðgerðum. Hér er sett fram loftslagsstefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem uppfyllir þessa skyldu. Er hún hluti af Umhverfis-og Auðlindastefnu sveitarfélagsins sem veitir loftslagsstefnunni skýrt utan um hald.

Tölulegar upplýsingar

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er rétt rúmlega 2200 km² með íbúafjölda sem telur um 644 manns í ágúst 2025. Búsetan er því mjög dreifð og í raun er aðeins búseta í neðri hluta sveitarfélagsins þar sem afréttur sveitarfélagsins er óbyggður og teygir sig allt inn að Hofsjökli. Innan svæðisins eru tvö friðlýst svæði; annars vegar friðlandið í Þjórsárverum og hins vegar landslagsverndarsvæðið í Þjórsárdal. Tveir þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu; Brautarholt og Árnes.

Viðmiðunarár í losunarbókhaldi er árið 2021 og er losuninni skipt niður á starfsstöðvar sveitarfélagsins og húsnaðis í eigu sveitarfélagsins, þar sem tekið er tillit til stöðugilda, stærðar og fleiri þátta.

Starfsstöðvar (rekstrareiningar) og húsnaði sveitarfélagsins er sem hér segir:

1. Stjórnsýsluhús í Árnesei
2. Þjórsárskóli í Árnesei
3. Leikskóli í Brautarholti
4. Áhaldahús
5. Bókasafn
6. Sundlaugar
7. Götulýsing
8. Rafhleðslustöðvar

Stöðugildi viðmiðunarárið 2021 voru 30,4 og heildarlosun í rekstri sveitarfélagsins árið 2021 var 297 tonnCO² þess ber að geta að losun vegna meðhöndlunar úrgangs er heildarmagn úrgangs frá öllu sveitarfélaginu, bæði úr starfsemi sveitarfélagsins sem og íbúum og fyrirtækjum þess og skráist eins og um sé að ræða eina af starfstöðvum sveitarfélagsins.

Loftslagsstefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps nær til innkaupa á jarðefnaeldsneyti vegna reksturs sveitarfélagsins, óbeinnar notkunar jarðefnaeldsneytis, innkaupa á orku og til meðhöndlunar úrgangs.

Gildissvið

Stefnan nær til allrar starfsemi Skeiða- og Gnúpverjahrepps; þ.e. reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, félagsheimila, ráðhúss, rekstur áhaldahúss ofl. Stefnan tekur ekki til skólaaksturs, snjómoksturs eða sorphirðu, en gera þarf ráð fyrir að í næstu útgáfu stefnunnar verði allir samningar teknir inn í losunarbókhald og loftslagsstefnu.

Markmið

Líkt og skuldbindingar íslenska ríkisins segja til um stefnir Skeiða- og Gnúpverjahreppur á að vera orðinn kolefnishlutlaus í eigin rekstri árið 2040.

Fram til ársins 2030 mun Skeiða- og Gnúpverjahreppur draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um samtals 40% miðað við árið 2021.

Í viðauka/aðgerðaráætlun eru kynnt markmið stefnunnar, þar sem markmiðin eru sett tölulega fram eftir starfsstöðvum og starfsemi, sem og leiðir til að ná markmiðum sveitarfélagsins.

Hér fyrir neðan eru kynnt nokkur markmið og leiðir sem sveitarfélagið hyggst fara til að ná þeim markmiðum á hverju sviði fyrir sig.

Landnotkun og skipulag

Mörkuð verður stefna um auðlindanotkun, skógrækt og endurheimt votlendis við endurskoðun aðalskipulags. Sveitarfélagið metur hvort svæði í eigu sveitarfélagsins henti til skógræktar, landgræðslu eða endurheimtar votlendis. Lagt verður mat á bindingu vegna skógræktar í gegnum gildandi samninga við skógræktarfélag. Lagt verður mat á bindingu vegna landgræðslu og endurheimtar í gegnum samninga við Landbótafélag Gnúpverja og Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða.

Samgöngur

Sveitarfélagið skal vinna markvisst að orkuskiptum í samgöngum í rekstri sínum. Við kaup eða leigu á nýjum bifreiðum, vinnuvélum eða tækjum verði horft til tækja sem nota endurnýjanlega orkugjafa og kannaðir möguleikar á umhverfisvænum tækjum.

Sveitarfélagið skal leggja áherslu á að gerðar verði kröfur um umhverfisvæn ökutæki í útboðum á vegum sveitarfélagsins s.s. við úrgangshirðu, skólaakstur og snjómokstur.

Sveitarfélagið skal hvetja starfsfólks til að nota virka ferðamáta, svo sem hjóleiðar eða göngu.

Sveitarfélagið skal hvetja starfsfólk sitt til að draga úr notkun einkabíls með því að hvetja til samkeyrslu og auka notkun fjarfundarbúnaðar eins oft og mögulegt er.

Úrgangur og soun

Sveitarfélagið leggur áherslu á að draga úr úrgangsmyndun, auka meðvitund íbúa, fyrirtækja og gesta um endurnýtingu og leggja enn meiri áherslu á frekari flokkun. Til að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins um samdrátt í urðun, þarf að leggja áherslu á að fræða alla í sveitarfélaginu um aukna flokkun og mikilvægi þess í minnkun losunar. Sveitarfélagið hefur þegar hafið sérsöfnun lífræns úrgangs. Mikilvægt er að kortleggja matarsoun í stofnunum og rekstrareiningum sveitarfélagsins og setja fram áætlanir um úrbætur. Innkaupastefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð og við val á kaupum á vörum og þjónustu hafi umhverfisþættir meira vægi. Stofnunum verði þannig sköpuð umgjörð til að versla umhverfisvottaðar vörur og hráefni úr héraði.

Orkunotkun

Sveitarfélagið mótar stefnu um LED-væðingu í götulýsingu og setur fram áætlun um útskipti á næstu árum. Í innkaupastefnu skal orkusparnaður tækja hafa vægi til móts við gæði og verð vöru. Á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins verði innleitt verklag og umgengnisreglur sem stuðla að minni orkunotkun.

Vitundarvakning

Til að innleiða loftslagsstefnu í starfsemi sveitarfélagsins er mikilvægt að gefa innleiðingunni tíma og athygli.

Ein leið til að innleiða með markvissum hætti slíkar breytingar er að taka upp „græn skref“ s.s. eins og þau sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með fyrir stofnanir í ríkisrekstri. Með slíkri innleiðingu er líklegra að starfsfólk helgi sig stefnunni og vinni eftir þeim áherslum sem hér eru settar fram. Þá er mikilvægt að loftslagsstefnan rími vel við innkaupareglur sveitarfélagsins, svo að það starfsfólk sem sinnir innkaupum sé gert kleift að vinna samkvæmt stefnunni. Þegar loftslagsstefnan hefur verið samþykkt er mikilvægt að kynna hana vel öllu starfsfólki sveitarfélagsins sem og þau skref sem fram undan eru hverju sinni til að ná markmiðinu. Skapa þarf vettvang þar sem starfsfólk getur á skilvirkan hátt aflað sér upplýsinga og leitað svara við áskorunum sem kunna að koma upp. Setja þarf loftslagsstefnuna upp á einfaldan og skýran máta og vekja athygli á henni með markvissum hætti sem og hafa sýnilegan þann árangur sem náðst hefur. Mikilvægt í þessum efnum er að virkja starfsfólk sveitarfélagsins og hver starfsstöð ákveði hvernig hún nær næstu skrefum í átt að sameiginlegu markmiði.

Eftirfylgni

Loftslags- og umhverfisnefnd skal árlega rýna og leggja til uppfærða aðgerðaáætlun. Gott er að miða við að skráningu og samantekt loftslagsbókhalds fyrra árs sé lokið eigi síðan er í lok febrúar og sú samantekt sýni á skýran hátt hvaða árangri sveitarfélagið hefur náð í átt að markmiðum sínum.

Stefnan er samþykkt af sveitarstjórn og kynnt meðal stjórnenda allra starfsstöðva sveitarfélagsins. Upplýsingum um árangur aðgerða skal miðlað á heimasíðu sveitarfélagsins, helst jafnóðum.

Tenging við núverandi skuldbindingar

Skeiða- og Gnúpverjahreppur samþykkti formlega árið 2021 að hefja vinnu sveitarfélagsins við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin eru 17 yfirmarkmið með 169 undirmarkmiðum. Markmiðin eru „sambætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu“. Heimsmarkmiðin eru því leiðarstef í heildarstefnumótun sveitarfélagsins og birtast í stefnum, áætlunum og skipulagi þess.

Aðrar stefnur sem tengjast Loftslagsstefnu þessari eru til að mynda innkaupastefna sveitarfélagsins, þar sem lögð er áhersla á vönduð innkaup, skipulag sveitarfélagsins, þar sem lögð er áhersla á að virkir ferðamátar og almenningssamgöngur geti þrífist og samþykkt um meðhöndlun úrgangs, þar sem aðalmarkmið er að draga úr úrgangsmyndun og efla hringrásarhagkerfi.

Einnig hefur sveitarfélagið gert samning um landbætur við Landbótafélag Gnúpverja sem vinnur að uppgræðslu á röskuðum svæðum innan afréttar Gnúpverja.

Kolefnisjöfnun

Skeiða- og Gnúpverjahreppur mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri sínum. Eftirstandandi losun mun sveitarfélagið kolefnisjafna með viðurkenndum aðferðum.

Stöðumat - Útreikningur losunar á viðmiðunarári

Þessi stefna tekur mið af losun gróðurhúsalofttegunda vegna ákveðinna þátta sem þegar hafa verið taldir upp. Árið 2021 er notað sem viðmiðunarár (grunnár) sem samdráttarmarkmið stefnunnar miðast við.

Ár	Losun (tonn CO ₂)	Losun (kg CO ₂)/m ²	Losun (kg CO ₂)/stöðugildi	Kolefnisjöfnun (sbr 1 tonn af Co ₂)	Staða (samtala fyrri dálka)
2021	297	0,001	0,069		297

Tafla 1 Heildarlosun árinu 2021-2023

Ár	Akstur (kg CO ₂)	Orka (kg CO ₂)	Flug (kg CO ₂)	Úrgangur (kg CO ₂)
2021	15.600	2800	0	278.800
2022	16.200	1800	0	288.400
2023	16.400	1500	1100	314.200

Tafla 2 Losun vegna efnisflokka frá árinu 2021

Losun vegna Aksturs (eldsneytis)

Ár	Bensín (kg CO ₂)	Dísill (kg CO ₂)
2021	2,8	12,8
2022	0,5	15,7
2023	0,3	16,2

Tafla 3 Losun vegna eldsneytis frá árinu 2021

Losun vegna Úrgangs

Ár	Almennur (kg CO ₂)	Lífrænn (kg CO ₂)	Plast (kg CO ₂)	Pappír/pappi (kg CO ₂)	Gler (kg CO ₂)	Málmar (kg CO ₂)	Grófur (kg CO ₂)
2021	211.000	700					67.000

Tafla 4 Losun vegna Úrgangs 2021

Viðauki 1. Aðgerðaráætlun vegna loftslagsstefnu

1. Gögn og losunarbókhald

Markmið nr.	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ Verklök	Ábyrgð	Kostnaður
1.1	Unnið verði að skilvirknu vinnulagi til að færa losunarbókhald hvers árs	Verkferill um skráningu á losunarbókhaldi	Upphaf: janúar 2023	Starfsfólk skrifstofu	Na
1.2	Fleiri svið losunar sveitarfélagsins verði tekin inn í losunarbókhald þess.	Metnaðarfull loftslagsstefna sem nær yfir alla raunverulega starfsemi sveitarf	Óbein áhrif: 2026 Landnýting: 2028 Mótvægis aðgerðir: 2030	Sveitarstjórn	Kaup á sérfræðipjónustu
1.3	Öll byggðasamlög verði komin með losunarbókhald og sameiginleg markmið	Metnaðarfull loftslagsstefna sem nær yfir alla raunverulega starfsemi sveitarf		Fulltrúi sveitarfélagsins í Byggðasamlagi	

2. Landnotkun og skipulag

Markmið nr.	Aðgerð	Afurð	Upphaf/verklök	Ábyrgð
2.1	Gagnaöflun vegna bindingar í formi skógræktar -Kortlagning skóga -Vottun viðurk. aðila	Úttekt á bindingu v. núverandi skógræktar í landi sveitarfélagsins		Sveitarstjórn
2.2	Gagnaöflun v. bindingar í gegnum uppgræðslu Landbótafélags	Úttekt á bindingu á afrétti - breyttur samningur við félagið?		Sveitarstjórn
2.3	Við endurskoðun ASK sé lögð áhersla á að byggja upp net göngu- og hjólastíga sem tryggir öruggar ferðaleiðir gangandi og hjólandi vegfarenda.	Endurskoðað ASK sem styður við grænar samgöngur	Vor 2025/2029	Sveitarstjórn
2.4	Við endurskoðun AKS og gerð Umhverfis & auðlindastefnu, verði sett fram stefna um skógrækt og endurheimt votlendis,	Endurskoðað ASK Umhverfis-og auðlindastefna sveitarfélagsins	ASK: vor 2025 U&A: haust 2026	Umhverfis& loftslagsnefnd Sveitarstjórn

	efnistök og nýtingu auðlinda			
2.5	Landsvæði í eigu sveitarfélagsins sem hafa verið framræst en ekki eru nýtt verði skoðuð og metin hvort endurheimt votlendis er heppileg	Samantekt framræsts votlendis í landi sveitarfélagsins	2027	

3. Samgöngur

Markmið nr.	Aðgerð	Afurð	Upphaf/verklok	Ábyrgð
3.1	Minnka akstur eins og mögulegt er	Verklagsreglur um hvenær er greiddur aksturskostnaður og hvenær ekki Skipulag fyrir akstur starfsfólks sem hámarkar nýtingu alls aksturs Verklagsreglur um Hvenær er notast við fjarfundi og hvenær ekki?	Haust 2024 /	Sveitarstjórn Sveitarstjóri
3.2	Skipta út dísil fyrir rafmagn	Þegar skipta þarf út bílum þá kaupa frekar rafmagnsbíla, eða rafmagnsverkfæri	alltaf	Sveitarstjórn Sveitarstjóri
3.3	Minnka akstur starfsmanna til daglegrar vinnu: Allt gagnakerfi og símakerfi verði aðgengilegt heima Taka tillit til virkra samgöngumáta: Búningsaðstaða, sveigjanl.vinnutími, öruggt vegakerfi	Gögn alfarið á Share point og símakerfi í tölvur Samþykkt / styrkir sveitarstjórnar til að hvetja til virkra samgönguhátta?	2024 /2025 Haust 2026	Sveitarstjórn Sveitarstjórn Yfirmenn
3.4 Kolefnis- losun af flugi verði 0	Halda flugi í slíku lágmarki að auðvelt sé að kolefnisjafna það	Fljúga sem minnst, nota fjarfundi, planta trjám		Sveitarstjórn Starfsfólk
3.5	Í útboðum /samningum s.s. vegna snjómoksturs, úrgangshirðu og	Minni notkun jarðefnaeldsneytis í rekstri.	Alltaf	Sveitarstjórn

	skólaaksturs verði gerðar ríkar kröfur um umhverfisvæn tæki			
3.6	Draga úr notkun einkabíls í tómstundir	Tómstundaakstur Aðgerð: samfella í skólastarfi stuðlar að því að skólaakstur nýtist eftir tómstundir	Haust 2025 – aðgerð náð	Sveitarstjórn Menningar& æskulýðsnefnd ? Heilsueflandi starfsmaður

4. Úrgangur og soun

Markmið nr.	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð
4.1	Minnka úrgang frá íbúum og starfsemi verulega	Almenn vitundarvakning um það hvað úrgangur er kostnaðarsamur fjárhagslega og umhverfislega	Alltaf	Starfsfólk Nefndir Yfirmenn deilda
4.2	Draga verulega úr urðun / auka flokkun	Minni fjárhagslegur baggi á sveitarfélaginu og íbúum þess Kafli í handbók nýrra starfsmanna	alltaf	
4.3	Skapa skýra framtíðarsýn í sorpmálum, hvernig ólíkum úrgangsstraumum er veitt inn í hringrásar-hagkerfið	Framtíðarstefna í sorpmálum sem endurspeglast í Samþykktum sveitarfélagsins í úrgangsmálum, gjaldskrá og fjárfestingum.	2024/ alltaf	Sveitarstjórn, starfsfólk, umhverfis& loftslagsnefnd
4.4	Við framkvæmdir og uppbyggingu á vegum sveitarfélagsins verði leitast við að endurnýta efni sem fellur til við jarðrask verði endurnýtt í grennd	Kafli í verkferli um framkvæmdir (í samningum við verktaka) eða öllum þjónustu-samningum Kemur fram í nýjum skipulagsáætlunum	2025	Sveitarstjórn
4.5	Auka áherslu á endurnýtingu, Skipulag mótað þar sem hlutir sem hafa lokið hlutverki sínu á einum stað geti staðið öðrum starfsmönnum og starfsstöðvum til boða	Skráning og miðlun á skrifstofutækjum og öðrum búnaði Markaðstorg innan: Starfsstöðva Starfsfólks Uppsveitamarkað	2024 - alltaf	Starfsfólk á skrifstofu setur reglurnar Allt starfsfólk meðvitað
4.6	Alfarið verði hætt að nota einnota vörur á fundum eða á viðburðum á vegum sveitarfélagsins	Öll matarílát verði fjölnota eða úr endurvinnanlegu efni. Leitast við að komast hjá því að þurfa einnota matarílát	2024	Yfirmenn starfsstöðva Forsvarsmenn viðburða Allir
4.7	Matarsoun verði mæld og vöktuð á starfsstöðvum sveitarfélagsins	Mæld matarsoun - tækifæri til bætinga kortlögð	2024	Yfirmenn / skipaður verkefnisstjóri á hverri starfsstöð
4.8	Magn almenns úrgangs verði mælt og vaktað	Sjáanleg vöktun, svo hægt sé að sjá árangur í flokkun.	2026 - alltaf	Starfsmaður - utanaðkomandi aðstoð

4.9	Innkaupastefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð m.t.t umhverfis-sjónarmiða, minnka umbúðir, minnka einnota vörur og skaðar aðstæður til að kaupa umhverfisvottaðar vörur og hráefni úr héraði	Uppfærð innkaupastefna	Haut 2026	Starfsfólk skrifstofu Sveitarstjórn Innkaupa ”stjórar”
-----	---	---------------------------	--------------	--

5. Orkunotkun

Markmið nr.	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð
5.1	Minnka notkun jarðefnaeldsneytis	Aukin raforku-notkun Minni akstur	Alltaf	Sveitarstjórn
5.2	Minnka raforkunotkun við götulýsingu	Led-væðing ljósastaura	2024 /	Sveitarstjórn Starfsmenn áhaldahúss
5.3	Minnka raforkunotkun í starfsstöðvum sveitarfélagsins	Virk vöktun notkunar raforku í starfsstöðvum sveitarfélags. Innanhúss verklags um hvernig við minnkum notkun	Haut 2024 Strax	Forstöðumenn starfsstöðva / settur verkefnisstjóri
5.4	Innkaupastefna geri ráð fyrir að orkusparnaður hafi vægi til móts við gæði og verð	Uppfærð innkaupa-stefna	2026	Starfsfólk skrifstofu Sveitarstjórn Innkaupa ”stjórar”

6. Vitundarvakning og fræðsla

Markmið nr.	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð
6.1	Loftslags-stefna og markmið eru kynnt fyrir öllum nefndum og fyrir öllum yfirmönnum deilda	Kynning á loftslags stefnu	Um leið og stefnan hefur verið samþykkt	Starfsfólk Loftslag & umhverfisnefnd
6.2	Upplýsingar um stefnuna og einstaka aðgerðir verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu sveitarf.	Upplýsingar og fréttir Gefnar út leiðbeinandi fréttir eða upplýsingar í einhverju formi amk 6 sinnum á ári	Strax – alltaf	Starfsfólk Loftslag & umhverfisnefnd
6.3	Kallað eftir virkri aðkomu alls starfsfólks og starfsstöðva	Upplýsingar, fréttir, fundir um málefnið	Strax – alltaf	
6.4	Loftslags-stefna verði hluti af innleiðingu Heimsmarkmiða Sp	Stefnur og áætlanir sveitarfélags verði samræmdar og mynda heild	Þegar hafið Alltaf	Starfsfólk L&U nefnd Sveitarstjórn